



Dags.: 2025-11-20

Fundargerð

4. fundur nefndar vegna Byggingu slökkvistöðvar á Borg var haldinn á Borg mánudaginn 20. október kl. 10:00.

Fundarmeðlimur

Ragnar Guðmundsson
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Pétur Pétursson
Lárus Kristinn Guðmundsson
Eyjólfur Óli Jónsson
Jóhannes Þ. Guðmundsson
Eiríkur Steinsson
Sigurður Unnar Sigurðsson

Fyrirtæki

Grímsnes- og Grafningshreppur
Grímsnes- og Grafningshreppur
Grímsnes- og Grafningshreppur
Brunavarnir Árnassýslu
Brunavarnir Árnassýslu
Brunavarnir Árnassýslu
Hjálparsveitin Tintron
Hjálparsveitin Tintron
Húmfaxi ehf.

Netfang

ragnar@gogg.is
bjossiborg@gogg.is
smari@gogg.is
petur@babubabu.is
larus@babubabu.is
eyjolfur@babubabu.is
johannes@tintron.is
smidsholt@gmail.com
sigurdur@humfaxi.is

Afrit sent á fundarmenn og sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnar Guðmundsson.

Dagskrá

- Óskað var eftir athugasemdum vegna fundargerðar 3. fundar. Engar athugasemdir bárust og fundargerð því samþykkt.
- Undirritað var stofnskjál verkefnis af hálfu Grímsnes- og Grafningshrepps, Brunavarna Árnassýslu og Hjálparsveitarinnar Tintron. Fjóla St. Kristinsdóttir kom inn á fundinn til undirritunar.
- Upplýst var um að tilboð frá Húmfaxa ehf. vegna hönnunar á slökkvistöð hafi verið samþykkt og verður undirritaður verksamningur vegna þess.
- Farið var yfir jarðvegskönnun sem JÞ verk framkvæmdi. Um 1,5 m er niður á fastan jarðveg. JÞ verk falið að athuga stöðu á efni sem er til staðar við gamla golfvöllinn sem mögulega er hægt að nota í fyllingar. Ekki verður gert ráð fyrir að flytja neitt efni af staðnum heldur að nýta allt efni á verkstað.
- Farið var yfir uppfærslu á deiliskipulagi. Skipulagið verður tekið fyrir í skipulagsnefnd í vikunni (vika 43). Eftir það fer tillagan til sveitarstjórnar og svo í auglýsingu.
- Gert er ráð fyrir að aðalhönnun verði tilbúin fyrir áramót ásamt byggingarleyfi.
- Í hönnun verður gert ráð fyrir að svipuð uppsetning verði hjá BÁ og á Laugarvatni. Tintron mun funda sérstaklega innanhúss hjá sér og koma tillögu að uppsetningu á Sigurð hjá Húmfaxa. Gert er ráð fyrir að sú hönnun liggi fyrir næsta fund.



- Athuga þarf með að bjóða í viðburð þegar fyrsta skóflustunga á sér stað. RG skipuleggur í samráði við nefndina.
- Skoða þarf samning vegna raflagnahönnunar. RG fer yfir málið.
- Farið var á verkstað og aðstæður skoðaðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Næsti fundur er bókaður 28. október kl. 10:00 á Borg í Grímsnesi.